

Skýrsla til Landssambands hestamanna
frá æskulýðsfulltrúa Léttis Akureyri.

2007



Hér verður minnst á það helsta í barna og unglíngastarfi hestamannafélagsins Léttis árið 2007.

Janúar

Í byrjun janúar hélt unglingaráð Léttis kynningarfund fyrir Léttisbörn og forráðamenn þeirra. Starfssemi vetrarins var kynnt og ákveðið hafði verið að Sandra Marín héldi áfram með knapamerkin og að Inga María Stefánsdóttir tæki að sér almennt reiðnámskeið.

Kennt var 3 stig knapamerkis og tókst það vel.

Reiðnámskeiðið hjá Ingu Mæju var haldið fyrir börn, unglunga og hófst 25 febrúar. Þátttaka var mjög góð en um 35 börn skráðu sig á námskeiðið sem stóð fram í júní.

Reiðtímarnir voru ýmist á laugardögum eða sunnudögum hjá Ingu (fór svolítið eftir veðri. En Sandra kenndi mest bóklegt í vetur (hún var ófrísk) en tók 6-8 tíma í verklegri kennslu og mun klára verklega þáttinn í knapamerkjunum í byrjun næsta vetrar.

Ákveðið var að hafa fjölskyldureiðtúra fyrsta laugardag í mánuði og sömdum við við Skeifunefndina að hafa heitt kakó og með því þegar við kæmum til baka.

Febrúar

Í febrúar héldum við okkar árlega bingó og eins og alltaf lukkaðist það mjög vel. Setið var í öllum sætum og var fjöldi vinninga það mikill að við héldum að þetta mundi engann endi taka.





Mars

Í mars var áætlað að fara til Reykjavíkur og hitta Fáks-krakkana. Mikil spenna var í krökkunum og hlakkaði þau mikið til. En vegna ónógrar þátttöku Fákskrakkanna var ferðin felld niður.

Við fórum í reiðtúr og var mætingin ágæt.

24. mars var haldinn súpu-fundur með Æskulýðsnefnd L.H. í Skeifunni. Mættu þangað fulltrúar Léttis, Funa, Hrings og Þráins. Einnig fengu nokkrir að hlusta sem voru bara í mat :o)

Apríl

Þann 7. apríl var Páskatölt á Hlíðarholtsvelli og tóku þó nokkuð mörg börn og unglingar þátt.

19. apríl var haldinn fjölskyldureiðtúr og mættu nú ekki eins margir og við vonuðumst til. Á eftir var boðið uppá kakó og lummur í Skeifunni.

Maí

Þann 17 maí átti að vera Æskulýðsdagur Glitnis á Akureyri, þá var búið að plana Firmakeppni sem við fengum frestaðri og ætluðum að gera þetta með stæl. En þá fréttum við að Æskan og hesturinn á Sauðárkróki var einnig sett á 17 maí. Nú voru góð ráð dýr, eins og gengur eru boðleiðir ekki alltaf góðar og má segja að á þessum tíma hafi ríkt mikil ringulreið og misskilningur. En í stuttu máli sagt, var ekki farið með krakka þetta árið á Æskan og hesturinn og ekkert varð úr Æskulýðsdeginum heldur.

19 maí héldum við hið árlega Goðamót sem er mót fyrir polla, börn og unglinga. Þetta er eina mótið sem við höldum í Breiðholtshverfinu. Við gerum það til að geta nýtt okkur félagsheimilið á meðan á móti stendur. Mótið tókst með ágætum og var gríðarlega góð þátttaka en veðrið hefði mátt vera betra. En það ráðum við víst illa við.





Júlí

20-22 júlí höldum við Æskulýðshátíð Léttis og Funa á Melgerðismelum. Við höldum þessa hátíð í annað sinn núna og var mjög gaman. Þátttakan var góð og mun fleir tjölduðu núna en í fyrra. Mótið var svipað byggt upp og í fyrra. Byrjuðum á að boða til rekstrar frá Akureyri á fimmtudagskvöldi og var þátttakan ágæt. Á föstudagskvöldi byrjuðum við á ratleik. Á laugardag fórum við í sameiginilegan reiðtúr og þrautabraut, svo var grillað og kveikt uppí varðeldi. Á sunnudag var keppt í firmakeppnisstíl og svo var riðið heim.



Nú á haustdögum er áætlað að halda uppskeruhátíð fyrir hópinn og mun það vonandi lukkast vel. Það er mikill hugur í okkur fyrir næsta ár og mun skýrslan vonandi vera stærri og meiri að ári.

F.h. Unglingaráðs Léttis
Andrea Þorvaldsdóttir.
www.lettir.net